

Eystrahorn

21. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 3. júní 2021

www.eystrahorn.is

Saman náum við árangri



Á myndinni eru Jón Áki Bjarnason forseti, Pétur Bragason varaforseti og Sigurjón Örn Arnarsson féhirðir Kiwanisklúbbsins Óss og Jón Garðar Bjarnason aðalvarðstjóri lögreglunnar á Höfn og börn í fyrsta bekk Grunnskóla Hornafjarðar

Kiwanisklúbburinn Ós hefur starfað á Höfn í bráðum 34 ár. Fljótlega var stofnaður styrktarsjóður til að halda utan um ágóða af verkefnum klúbbsins sem fara í styrki. Fyrsta stóra verkefni klúbbsins var að gefa leikskólanum kastala og hefur Ós alltaf stutt leikskólann á Höfn gegnum árin. Nefna má að fyrsti styrkur vegna íþróttagleraugna hefur verið greiddur út en Ungmennafélagið Sindri veitir upplýsingar um það. Árlega eru tíu til tuttugu bágstaddir fjölskyldur styrktar í kringum jólin og nýttist hluti af jólatréssölunni í það með aðstoð Nettó. Þá hefur Ós styrkt grunnskólann og framhaldsskólann með veglegum gjöfum. Fé var sent til fátækra barna Rúmeníu vegna skókaupa gegnum Kiwanis Children Fund. Heilbrigðisþjónustan hefur fengið sinn hluta af söfnunarfé til tækjakaupa og ýmsar safnanir til hjálpar langveikum börnum hafa fengið sinn skerf. Páskabingóíð var ekki haldið þetta starfsár vegna Covid en félagi okkar í Ós, Ásgeir Ásgeirsson hefur aðstoðað okkur með páskaegginn frá Freyju. Groddaveislan tókst vel þetta árið þrátt fyrir fjölatakmörkanir vegna Covid. Félagar og eftirtalin fyrirtæki; Hafíð, Martólvan,

Frá haus að hala, Ajtel Iceland, Múrfeðgar, Húsamiðjan, Þingvað og Mikael ehf fá þakkir fyrir aðstoð og þátttöku sína að verkefnum klúbbsins. Kiwanis er með landsverkefni á hverju ári en það er hjálma verkefnið til sex ára barna og var hjálmaafhendin í ár í Hafnarskóla þann 29. apríl með aðstoð lögreglunnar. Þá má að lokum geta þess að það stendur til að stofna öflugan kvennaklúbb hér á Höfn en vegna Covid hefur allt seinkað. Hægt er að vera með því að senda póst á seinars@kiwanis.is til að vera með frá byrjun. Í júní verður fjölskyldudagur Kiwanisklúbbsins Óss, og verður öllum sem hafa áhuga á að ganga í Kiwanis boðið að taka þar þátt með börnum og barnabörnum. Jón Áki forseti og Stefán Brandur kjörförseti veita áhugasömum upplýsingar. Oft erum við spurðir hvað Kiwanis er. Kiwanis er alheimssamtök sjálfboðaliða kvenna og karla sem hafa það að markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna. Saman getu við áorkað því sem einstaklingar geta ekki einir. Þetta gerir okkur kleift að vinna að innlendum og alþjóðlegum verkefnum innan Kiwanishreyfingarinnar.

Saman vinnum við einnig að umbótum á landsvisu. Ekki síst er unnið að mannúðar- og framfaramálum sem horfa til heilla fyrir bæjarfélög klúbbsfélaga, og því sem opinberir aðilar annað hvort vilja ekki eða geta ekki sinnt.

Gleðilegt sumar.

Stjórn Kiwanisklúbbsins Óss

Í Kiwanis er kátt og gaman við karlar höldum í þá von. Að seinna verði fleiri saman, smalar best hann Sigurðsson. Vitið menn við verðum nú, að veiða unga og hrausta. Því raunin er og staðreynd sú, í hóp fer senn að að hausta. En þó gráni grön og hár, er gott starf okkar manna. Enginn tregi, engin tár. Tökumst á það dæmin sanna. Viljum virkja okkar lið, vegalausum hjálpi í neyð. Galvaskir af gömlum sið, já í Kiwanis þeir greiða leið.

Höfundur, Kristjón Elvar Elvarsson -
Kiwanisklúbbnum Ós

Viðskiptavinir athugið

Rakarastofan verður lokuð eftirtalda daga í sumar

11. júní - 02. júlí

19. júlí - 02. ágúst





BJARNANESKIRKJA

Sunnudaginn 6. júní.
Messa og ferming
kl. 11:00.

Fermd verður ein stúlka.

Allir velkomnir.

Minum á sóttvarnir og
grímuskyldu.



okkar ástkæri

JÓN INGI BJÖRNSSON



Lést mánudaginn 24. maí
Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Nanna Lára Karlsdóttir
og fjölskylda þess látna**

Heimaþjónustudeild
Sveitarfélagsins Hornafjarðar
sendir sjómönnum, fjölskyldum þeirra
hátíðarkveðjur í tilefni sjómannadagsins!



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Sendum sjómönnum og fjölskyldum
þeirra hamingjuóskir með daginn



Dagskrá Sjómannadagshelgarinnar

Laugardagur 5. júní

13:00-15:30 Kappróður,
Hoppukastalar,
Matarsmakk frá Skinney-Pinganesi ehf,
Andlitsmálun,
Candyfloss
Bryggjuleikir og fleira.

Sunnudagur 6. júní

14:00 Sjómannamessa.
15:00 Hátíðardagskrá á Hóteltúni
Heiðrun sjómanna
Karamelluregn
Hoppukastalar, bingó og fleira

Ef veður verður leiðinlegt færast dagskrá inn í Báru eða íþróttahús

Skráning liða í kappróður í síma: Ingólfur- 846-0181,
Finnur Ingi-845-3144

Við óskum Skinney SF 20, Fiskimjölsverksmiðju
SP og Netagerð SP til hamingju með kjörið í
sjómannadagsráð 2022.

Bestu kveðjur í tilefni dagsins
Sjómannadagsráð 2020-21
Vélsmiðjan Foss ehf og áhöfn Þóris SF 77.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Innskráning nýnema í Grunnskóla Hornafjarðar

Innritun barna sem fædd eru árið 2015 og eiga að
hefja skólagöngu haustið 2021 fer fram í Grunnskóla
Hornafjarðar 4.-11. júní. Foreldrar eru beðnir um að skila
tveimur innritunarblöðum útfylltum í skólann en þau
eru inn á heimasíðu skólans <https://gs.hornafjordur.is/skolinn/eydublod/>. Æskilegt er að senda innritunarblöðin
í tölvupósti á daddar@hornafjordur.is en það má líka
koma með þau í Hafnarskóla.

Verðandi nemendur í 1. bekk og foreldrar þeirra fá bréf í
sumar með upplýsingum um skólastarfið en skóli verður
settur 23. og 24. ágúst.

Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Fimleikadeild Sindra verðlaunar iðkendur

Fimleikadeild Sindra endaði sinn vetur á verðlaunaafhendingu í Heklu. Þar voru veittar ýmsar viðurkenningar. Venjan er sú að klára veturinn með fimleikamóti en vegna aðstæðna í Þjóðfélaginu var því sleppt að þessu sinni. Allir iðkendur í grunnskóla fengu verðlaunapening. Í keppnishópum hjá deildinni voru veitt verðlaun fyrir mestu framfarir í hverjum hóp, valinn var besti félaginn og Fimleikamaður Sindra.

Eftirtalin fengu verðlaun fyrir bestu framfarir:

4. flokk stúlkna: *Guðbjörg Lilja Jóhannsdóttir*

Yngri hópur stráka: *Adam Bjarni Jónsson*

2. flokkur blandaður hópur: *Stefán Birgir Bjarnason*

1. flokkur blandaður hópur: *Friðrik Björn Friðriksson*

Besti félaginn hjá deildinni var valinn *Sigurður Arnar Hjálmarsson*

Síðan enduðum við á að krýna Fimleikamann Sindra en það var *Sóley Guðmundsdóttir*.

Deildin þakkar kærlega fyrir veturinn.



Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.



Óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með sjómannadaginn

Rósaberg ehf.



Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Það styttest í hina árlegu gönguviku, *Ekki lúra of lengi!*
Ferðaaætlun gönguvikunnar er eftirfarandi:



10.júní, fimmtudagur

Gengið bakvið Hlíðarfjall í Lóni. Ragna Pétursdóttir leiðir gönguna og erfiðleikastigið er 2 skór. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu á Höfn kl.17

11.júní, föstudagur

Heinabergssvæðið: gengið verður frá Heinabergslóni að Heinabergsvatnabrú. Hrafn Heimisson og Ragna Pétursdóttir leiða gönguna og erfiðleikastigið er 1 skór. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu á Höfn kl.17

12.júní, laugardagur

Kambsmýrarkambur við Kvísker. Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna og erfiðleikastigið er 1 skór. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu á Höfn kl.10 en þeir sem koma annars staðar frá mæta á áningarstaðinn vestan við Kvía kl.11:10 (eftir stutta kynningu þar verður ekið að upphafi göngunnar við Kambsmýrarkamb).

13.júní, sunnudagur

Gengið fyrir Horn. Hulda Laxdal leiðir gönguna og erfiðleikastigið er 2 skór. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu kl. 10


23.júní, miðvikudagur

Óvissuferð á Jónsmessu. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu á Höfn kl. 17

Þátttökugjald í gönguferðum félagsins er 1.000 krónur fyrir 18 ára og eldri, frítt fyrir börn og ungmenni og 1.500 fyrir hjón. Hundar eru á ábyrgð eigenda og taumur skal vera tiltækur sé hundur með í ferðinni. Öllum er velkomið að taka þátt í gönguferðum félagsins og eins er velkomið að hafa samband við þá sem leiða göngurnar ef frekari upplýsinga er óskað.

Símanúmerin okkar eru: Ragna 662-5074, Hrafn 869-0192, Sigrún 864-5456, Hulda 864-4952

Medial ehf. lögmannsstofa og fasteignasala sendir sjómönnum, fjölskyldum þeirra og Hornfirðingum öllum hátíðarkveðjur í tilefni sjómannadagsins!



Nú skal þakka þeim hlýtt,
sem að út hafa ýtt
á hinn ólgandi en gjöfula sæ,
til að fyrra oss nauð,
til að færa oss brauð,
til að fegra og stækka vörn bæ.
Og þeirra skal minnst,
sem úr höfninni hinnst,
sigldu helþrunginn stórvíðrisdag.
Fyrir börn sín og víf,
hvar þeir létu sitt líf,
fyrir lands síns og alþjóðar ha g.

Sveinbjörn Á. Benónýsson 1953



Lögova 1 780 Höfn í Hornum
477 1222 www.medial.is



Frjálsíþróttæfingar

Í sumar verða æfingar 3x í viku.
Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga.

kl. 10:30-12:00

8.júní - 31. júlí. 14 ára og yngri

ATH: hörn fædd 2009-2011 sem vilja vera bæði á leikjanámsskeiði og í frjálsum fá 50% afslátt af leikjanámsskeiði.



Fjölbreyttar æfingar og leikir eru notaðir í þjálfun ásamt að markvisst er farið í einstakar greinar innan frjálsra íþróttar, hlaup, stökk og köst. Þjóðum nýjum iðkendum að koma og prufa að æfa í eina viku áður en gengið er frá skráningu.

Þjálfari: Mariano Ferreya

Aðstoðarþjálfari: Alexandra Guðrúnardóttir

Skráningar fara fram í Nora



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Óskað er eftir forstöðumanni í félagsmiðstöðina Þrykkjuna frá ágúst 2021

Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar í 70% starf.

Ábyrgðar – og starfssvið:

- Skipuleggur starf félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar í samvinnu við Þrykkjuráð og tómsundafulltrúa.
- Starfar með börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni.
- Hefur samskipti við skóla, foreldra og félagsamtök vegna starfsemi félagsmiðstöðvar.
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni
- Sækir ráðstefnur/fundi er snerta starfsemi félagsmiðstöðva/ungmennahúsa

Umsækjendur þurfa að búa yfir ákveðinni festu, hafa góða skipulags- og stjórnunar hæfileika, vera liprir í mannlegum samskiptum og hafa hreint sakavottorð. Menntun í uppeldis- eða tómsundafræðum eða sambærilegu námi er kostur.

Umsóknarfrestur er til 15. júní 2021

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Herdísar I. Waage, tómsundafulltrúa á netfangið; herdisiw@hornafjordur.is sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, s: 470 8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Sjálfbærnisúpa í Nýheimum

Á Nýtorgi föstudaginn 04.06. frá klukkan 12-15 verður boðið upp á tvær tegundir af súpu.

Súpan er í boði Grósku með stuðningi Nettó, FAS og Nýheima. Starfsemi og markmið Grósku verða kynnt klukkan 12, 13 og 14. Sjá nánar á Facebook síðunni Gróska – félagslandbúnaður. Súpan er að mestu úr hráefni sem hefði annars verið hent. Hægt er að kíkja í Nýheima og fá sér súpu hvenær sem er á auglýstum tíma.

Gaman saman, hlökkum til að sjá ykkur.

Gróska félagslandbúnaður

Matseðill

- Grænmeti í grænu karrímauki og kókossósu
- Mulligatawny súpa (indversk grænmetissúpa)



Flokkum rétt í Grænu tunnuna

Græna tunnann er fyrir endurvinnanlegar umbúðir úr plasti, pappír, pappa og smáa málmhluti.



Borið hefur á því að í Grænu tunnuna fari hlutir úr plasti sem ekki er hægt að senda til endurvinnslu. Til að hægt sé að endurvinna plastumbúðir þurfa þær að vera hreinar. Það er því mikilvægt að tæma flöskur og hreinsa matarleifar úr umbúðunum, annars eiga þær heima með almennu sorpi.

Óhreinar umbúðir í Grænu tunnunni geta eyðilagt annað endurvinnsluhræfni

Flokkum rétt í Lífrænu tunnuna

Í Lífrænu tunnuna fer lífrænn eldhúsúrgangur sem er sá úrgangur sem fellur til í eldhúsum heimila og fyrirtækja.



Úr Lífrænu tunnunni fer lífræni eldhúsúrgangurinn í jarðgerð og honum umbreytt í moltu sem t.d. er hægt að nýta í landgræðslu og skógrækt.

Mjög mikilvægt er að **ekkert** plast fari með í Lífrænu tunnuna því það brotnar ekki niður í jarðgerðinni og einnig getur skapast fohætta af plastinu í sjálfri jarðgerðinni.

Má fara ✓ Má ekki fara ✗

Plastpokar ✓	✗ Óhreinar umbúðir
Plastfilma ✓	✗ Leikföng
Hreinsiefnabrusar ✓	✗ Frauðplast
Umbúðir undan þvottaefni ✓	✗ Raftæki úr plasti
Einnota pappa- og plastdiskar ✓	✗ Geisladiskar og dvd diskar
Umbúðir undan kaffi ✓	✗ Tannburstar
Umbúðir undan snakki ✓	✗ Plastmöppur
Fernur og sléttur pappi ✓	✗ Bökunarpappír
Dagblöð og tímarit ✓	✗ Umbúðir undan hættulegum efnum
Bylgjupappi ✓	

Má fara ✓ Má ekki fara ✗

Eggjaskurn ✓	✗ Plast
Tepokar ✓	✗ Bleyjur
Eldhúspappír ✓	✗ Sláturúrgangur
Eldaðir kjöt- og fiskafgangar ✓	✗ Dýrasaur
Kartöflur, pasta og hrísgrjón ✓	✗ Kattasandur
Ávextir og grænmeti ✓	✗ Ryksugupokar
Brauðmeti ✓	✗ Eyrnarpinnar
Afskorin blóm ✓	✗ Bómullarhnoðrar
Kaffikorgur og kaffifilter ✓	

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn



AFL Starfsgreinafélag
óskar sjómönnum
og fjölskyldum þeirra
til hamingju með daginn.

www.asa.is



AFL Starfsgreinafélag | asa@asa.is | Sími/tel. 470 0300